

Fulltrúaráðsfundur 19. febrúar kl.19.30
í húsnæði
HRFÍ Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar þann 7. febrúar með tölvupósti þann 29. janúar 2008. Vegna ófærðar og slæmrar veðurspár þann 7. febrúar var fundinum frestað til 19. febrúar.

Mættir fulltrúar frá öllum deildum nema:

Ensk Cockerdeild, Spanieldeild, Deild þýska fjárhundsins, Retrieverdeild og Smáhundadeild

Dagskrá:

1. Punktar frá fundi NKU/VK-vísindaráð 19.-20. september sl.

Helga Finnsdóttir dýralæknir ætlaði að flytja erindi en því var frestað til næsta fulltrúaráðsfundar þar sem hún þurfti að fara til Akureyrar.

2. Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ

- Stjórn hefur fundað 8 sinnum frá síðasta fulltrúaráðsfundi þann 20. september sl.
- **Nýr starfsmaður á skrifstofu**
Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir, kölluð Dótla, hóf störf 19. nóvember sl.
- **Nýtt vefkerfi**
Verið er að útbúa nýtt vefkerfi fyrir HRFÍ þar sem félagsmenn geta skráð á alla viðburði félagsins. Þessar færslur verða síðan skráðar sjálfkrafa í Lukku og fjárhagsbókhald. Stefnt er að því að hægt verði að skrá í ættbók og eigendaskipti sem og birtingu ættbóka á netinu. Skv. forriturum þá eru líkur á því að hægt verði að byrja að nota vefkerfið um miðjan apríl.
- **Skrifstofa félagsins** flutti aftur þann 10. desember sl. á 2.hæð í Síðumúla 15. Framkvæmdum er að mestu lokið og hafa tekist vel þar sem starfsaðstaða er allt önnur og betri.
- **Nýjar grundvallarreglur HRFÍ** tóku gildi 1. janúar 2008. Stuðst er að mestu leyti við grundvallarreglur SKK. Tekið var tillit til ábendinga Vísindanefndar ofl.
- **Nýjar sýningarreglur HRFÍ** tóku gildi 1. janúar 2008. Sýningarreglum FCI var fylgt og jafnframt stuðst við sýningarreglur SKK. Sett hefur verið á laggirnar nefnd innan NKU sem ætlað er að samræma sýningarreglur Norðurlandanna. - Lilja Dóra Halldórsdóttir, sem sæti á í Sýningarnefnd HRFÍ, er fulltrúi HRFÍ í þessari nefnd.
- Ný gjaldskrá tók gildi 1. janúar 2008.
- **Skráning Íshunda á HRFÍ hjá Einkaleyfisstofu.**
Lögmenn Íshunda gáfu okkar lögmanni, Ólafi Garðarssyni hrl., undir fótinn með að Íshundar drægu til baka þessa skráningu. Þann 5. febrúar staðfestu hins vegar lögmaður Íshunda að fyrirsvarsmenn félagsins væru ekki reiðubúnir til að verða við beiðni okkar um að óska eftir því að skráning þeirra verði afmáð hjá Els. Lögbannsbeiðni var send til Sýslumannsins í Reykjavík 15. febrúar.
- **Hundaskólinn**
Námskeið eru í fullum gangi og mikil aðsókn er á hvolpa- og grunnnámskeið. Kennt er sem fyrr í Hafnarfirði og Keflavík. Hundafimi-, fuglahunda- og retrievernámskeið eru einnig í gangi. 11 nemar byrjuðu í leiðbeinendanámi sl. vor. Nemarnir hafa lokið öllu bóklegu námi. Nemar eru nú í verklegri kennslu á námskeiðum félagsins.

Ívar Bergsteinsson er búinn að þýða dönsku hundafimireglurnar og Silja Vilhjálmisdóttir bar þær saman við reglur FCI og aðlagði að HRFÍ.

Sigríður Bílddal og Sigríður Hrólfsdóttir úr skapgerðarmatshópnum komu til fundar við formann og Hönnu Björk 30. október. Lýstu þær yfir áhyggjum hve fáir gefa kost á sér til vinnu í skapgerðarmatshópnum (menn uppteknir og lítil nýliðun). Töldu þær að ef ekki bætist í hópinn yrði væntanlega ekki hægt að halda úti skapgerðarmati. Rétt að segja frá þessu á þessum fundi ef það mætti verða til þess að þær deildir sem gera kröfu um skapgerðarmat gætu útvegað mannskap.

Stýrihópur skapgerðarmats hefur ákveðið að boða til kynningar í húsnæði HRFÍ 2. apríl n.k. kl.19.30

Spurning úr sal:

Er búið að auglýsa eftir fólki í skapgerðarmatshópinn?

Bent var á að auglýsa eftir fólki á heimasíðu félagsins.

- **Bronsmerki í hlýðni**

Fyrirhugað próf er 15. apríl og verður auglýst á vefsíðu félagsins fljótlega.

Spurning frá Sigga Benna:

Er bronsmerki í hlýðni próf sem aðrir hundaskólar t.d Hundalíf bjóða upp á viðurkennt hjá félaginu?

Svar: Það er alveg ljóst að HRFÍ samþykkir aðeins próf sem haldin eru á vegum félagsins enda er það gert innan allra aðildarféлага innan NKU, samstarfsaðila HRFÍ.

Spurning frá Sigga Benna:

Veit fólk að prófin sem t.d. Hundlíf býður upp á eru ekki viðurkennd?

Svar: Hundaskólinn Hundalíf sendi erindi til stjórnar varðandi þetta mál og þeim var sent svarbréf þar sem þetta kom skýrt í fram.

- **Sámur**

Veglegur að vanda í ritstjórn Ingu B. Gunnarsdóttur. Deildarformenn minntir á skil deildarfrétta.

- **Vel heppnaðar deildarsýningar í janúar**

DÍF var með deildarsýningu 19. og 20. janúar. Sigríður Pétursdóttir og Kenneth Edh dæmdu samtals 141 hund.

Schnauzerdeild var með deildarsýningu 19. janúar. Zeljka Von Zidar frá Slóveníu dæmdu 61 hund.

Fjár og hjarðhundadeild var með sýningu 20. janúar þar sem Kenneth Edh dæmdu 45 hunda.

Samtals 247 skráningar þessa helgi.

Cavalierdeild, Papillondeild, Tibet Spanieldeild, Smáhundadeild, Terrierdeild og Chihuahudeild voru með deildarsýningu sunnudaginn 27. janúar. Dómarar voru Siv Jernhake frá Svíþjóð, Caroline Ackroyd-Gibson frá Bretlandi og Kitty Sjong frá Danmörku.

Samtals 192 skráningar.

- **Norðurlandakeppni ungra sýnenda**

Fjórar stigahæstu stúlkurnar í eldri flokki á sýningum HRFÍ 2007 tóku þátt í

Norðurlandameistarakeppni ungra sýnenda 16. desember sl. Liðið lenti í 2. sæti og Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir lenti í 3ja sæti í einstaklingskeppninni. Auður Sif Sigurgeirsdóttir þjálfari stúlkanna var með í för.

Auði Sif hefur hlotnast sá heiður að vera boðið að dæma Junior Handler Finnish Championship Final á Winner 2008 í Helsinki 13. – 14. desember.

- **Skott- og eyrnastíffingar**

Á síðasta fulltrúaráðsfundi kom fram að Vísindaráð hefði hvatt stjórn Hundaræktarfélag Íslands til þess að banna alfarið að skott- og eyrnastýfðir hundar séu sýndir á sýningum félagsins og/eða taka þátt í keppni á þess vegum og feti þar í slóð systurfélaga sinna á Norðurlöndunum. Á sama hátt ætti stjórn Hrfí að beina þeirri hvatningu til ritstjóra Sáms að birta hvergi á síðum hans myndir af hala- eða eyrnastýfðum hundum, þó svo að hundurinn þyki afbragð annarra hunda að fegurð! Formenn ræktunardeilda voru beðnir um að funda um þetta mál og skila álit til stjórnar HRFÍ fyrir lok október sl.

Þess má geta að tilkynning barst frá FCI í febrúar sl. um að bannað sé að sýna skott- og eyrnastýfða hunda á sýningum í Austurríki sem fæddir eru eftir 1. janúar 2008.

Í blöðum FCI eru sýndir eyrna- og skottstýfðir hundar.

Álit bárust frá:

Cavalierdeild:

Á stjórnarfundum cavalierdeildar, þann 29. október s.l. var fjallað um tilmæli frá Vísindaráði varðandi bann við hala- og eyrnastýfingum hunda. Stjórnin samþykkti samhljóða að styðja tilmæli Vísindaráðs.

Fjár- og hjarðhundadeild:

Niðurstaða stjórnarmanna í Fjár og Hjarðhundadeildar er ekki einróma, 3 stjórnarmenn eru fylgjandi að banna ekki hunda frá löndum sem skott og eyrnastýffingar eru tíðkaðar að taka þátt í viðburðum félagsins, þar sem þeir telja að það hefti ræktun á hundum frá þeim löndum sem stýffingar eru enn leyfðar. Niðurstaða 2 stjórnarmanna eru því fylgjandi að banna eyrna og skottstýfða hunda á viðburðum félagsins, þar sem þeir telja að þrýsta verði á þessi lönd sem enn leyfa stýffingar með að banna eyrna- og skottstýfða hunda að taka þátt í viðburðum Hrfí. Fjár og Hjarðhundadeild er fylgjandi að svo stöddu að leyfa hunda sem koma frá löndum sem enn leyfa eyrna- og skottstýffingar að taka þátt í viðburðum Hundaræktarfélag Íslands.

Úrvalsdeild:

Stjórn Úrvalsdeildar hefur fundað um tilmæli vísindaráðs varðandi bann við þátttöku eyrna- og skottstýfðra hunda á sýningum og öðrum viðburðum á vegum félagsins. Er þar átt við hunda sem fluttir eru hingað til lands frá löndum þar sem eyrna- og skottstýffingar eru leyfilegar. Stjórn telur að innan fárra ára muni eyrna- og skottstýfðum hundum fækka sjálfkrafa þar sem önnur lönd eru að bætast inn í þann hóp sem bannar stýffingar. Stjórn Úrvalsdeildar hafnar þessum tillögum vísindaráðs enda er stofn flestra hundakynja þar sem eyrna- og skottstýffingar hafa tíðkast smár hér á landi. Telur stjórn Úrvalsdeildar að með slíku banni sé ræktendum settar þrengri skorður varðandi val á ræktunardýrum og mati á þeim. Slíkar skorður verða að teljast óæskilegar í smáum hundastofnum.

Mjóhundadeild:

Mjóhundadeildin er hlynnt því að bannað verði alfarið að sýna skott- og eyrnastýfða hunda að því tilskyldu að þeir hundar sem til eru fái undanþágu, t.d. að bannið gildi fyrir alla hunda sem fæddir eru á árinu 2008 eða seinna.

Helstu rökin fyrir þessu er:

- Lögin okkar kalla skott- og eyrnastýffingar limlestingar, en við leyfum samt limlestingar ef þær eru frá öðrum löndum. Það er ákveðin rökleysa í því. Það má að vissu leyti líkja því við að segja að það er bannað að bera hönd á maka þinn, nema ef það er partur af þinni menningu. Annað hvort eru stýffingar bannaðar eða ekki og við ættum að haga okkar hundamenningu eftir því.
- Að vísindaráð allra norðurlanda er alhliða hlynnt þessu banni vegur þungt.

- Með því að banna stýfingar má vonast til þess að hafa áhrif á að stýfingum fækkar í heiminum með því að minnka markaðinn.
- Vera fyrirmynd annarra landa í dýravernd.
- Styrkja böndin við hin norðurlöndin og ekki ekki vera þeirra eftirbátur í mikilvægum málefnum.
Að sjálfsgöðu voru ekki allir einhuga og hér koma rökin á móti:
- Líta ber á skottstýfingar og eyrnastýfingar sem sinhvorn hlutinn. Allir voru sammála banni við eyrnastýfingum, en þar sem þau eru hlynnt skottstýfingum vildu þau leyfa sýningu á þeim hundum líka.
- Það fækkar möguleikum þess að flytja inn ákveðnar línur, og er sérstaklega erfitt þegar stýfingarnar eru leyfðar í upprunalandi hundanna. Sumum fannst slæmt að geta ekki flutt inn frá upprunalandinu. Okkur hinum í deildinni finnst heilbrigði hundanna mikilvægari, en það er þó gott að vekja athygli á þessum punkti á þessu stigi.

Á stjórnarfundum þann 6. desember sl. samþykkti stjórn HRFÍ óbreyttar reglur að sinni.

- **Fóðursamningur**

Eins og fram kom á síðasta fulltrúaráðsfundi þá hefur Líney B. Ívarsdóttir formaður Schnauzerdeildar þýtt foderværðsavtal SKK – fóðursamning. Ljósrit var afhent formönnum deilda til yfirlistar og þeir beðnir að skila athugasemdum og álitum til stjórnar HRFÍ fyrir lok október.

Álit barst frá:

Cavalierdeild:

Einnig var fjallað um tilvonandi fóðursamning HRFÍ. Athugasemdir voru gerðar við eftirfarandi: “Ræktandi hefur rétt til að fá tvö got með að minnsta kosti einum lifandi hvolpi sem nær 5 vikna aldri o.s.fr.” Stjórninni finnst réttara að miða við 8 vikna aldur. Gr. 3 v/rakkans. Stjórnin telur að oft þurfi meira en 4 daga til þörunar, sérstaklega ef ekki er vitað nákvæmlega hvenær tíkin er tilbúin fyrir rakkann, e.t.v. væri réttara að miða við 6 daga eða jafnvel viku, - t.d. er miðað við 2 vikur fyrir tíkina fyrir sömu athöfn. Gr.11. Þar sem báðir aðilar eru samþykkir því að ræktandi taki hundinn aftur, finnst stjórninni ekki ástæða til að greiðsla komi fyrir hundinn til fóðuraðila, enda mjög erfitt að meta hversu há sú greiðsla ætti að vera. Sama ætti þá við um gr.13 fyrir tíkina. Gr.14. bæði fyrir rakka og tík. Skiljum ekki hvers vegna báðir aðilar þurfa að hafa heimilistryggingu með tilliti til hundsins. Einn stjórnarmanna vinnur hjá tryggingafélagi og segir að tjón v/hunds eða hunda eiganda séu ekki inni í heimilistryggingu til þess þurfi sérstaka dýratryggingu. Hitt er annað að auðvitað er nauðsynlegt fyrir alla að hafa heimilistryggingu.

Fjár- og hjarðhundadeild:

Fjár og Hjarðhundadeild mæla með að fóðursamningar séu til staðar og samningurinn sé sanngjarn og leiðbeinandi fyrir fóðuraðila og eigandi hundsins.

Stjórn hefur ekki samþykkt fóðursamning að sinni.

- **Doberman Ísland.is**

Stjórn Dobermann Ísland óskaði eftir að hitta stjórn HRFÍ til að ræða samstarf á milli Dobermann Ísland og HRFÍ. Skv. þeim er Dobermann Ísland með fullnaðaraðild að IDC sem er alþjóðlegi Dobermann klúbburinn og er í nánú samstarfi við D.V. sem er upprunaklúbbur tegundarinnar og er félagi í F.C.I.

Stjórn HRFÍ fundaði með þeim þann 24. janúar sl.

Tekið úr fundargerð:

Mættir: Unnar Már Magnússon formaður, Margrét Rúnarsdóttir gjaldkeri, Gróa Sturludóttir varaformaður, Margrét Gísladóttir ritari. Öll félagsmenn í HRFÍ. Unnar segir að allir nema einn í klúbbum séu félagar í HRFÍ og að þeir vilji vinna samkvæmt FCI en 40 félagsmenn eru í Dobermann Ísland.

Unnar vill fá að vita hvort að HRFÍ vilji starfa í samvinnu við félagið og óskar eftir staðfestingu á því. Jóna segir að ef þau hafa lesið vel yfir reglur félagsins þá rúmist það ekki innan laga HRFÍ að samþykkja Dobermann klúbb. Lög og reglur félagsins miðast við ræktunardeildir. Jóna benti þeim á hvað þarf til að stofna ræktunardeild og hvaða leiðir þeir þurfa að fara.

Margrét Gísladóttir spyr hvort að það sé ekki hægt að breyta lögum félagsins og leggja það fyrir aðalfund. Þeim var sagt að það væri að sjálfstöðu hægt. Stjórnarmeðlimir HRFÍ spurðu hvers vegna klúbburinn vill ekki starfa í ræktunardeild innan HRFÍ. Meðlimur Dobermann klúbbsins svaraði að þá væru þau ekki fjárhagslega sjálfstæð og fengju ekki inngöngu inn í IDC sem er alþjóðasamtök dobermann klúbba. Aðilar Dobermann klúbbsins telja að það sé til nægilega margir einstaklingar af dobermann hundum til að stofna ræktunardeild innan HRFÍ.

Unnar vill fá álit og afstöðu stjórnar HRFÍ hvort vilji sé fyrir hendi að vera í samvinnu við Dobermann Ísland. Unnar vill fá að halda vinnupróf á vegum Dobermann klúbbsins þar sem Albert Steingrímsson dæmir og vill að HRFÍ meti það. Það er alveg ljóst að HRFÍ samþykkir aðeins próf sem haldin eru á vegum félagsins enda er það gert innan allra aðildarféлага innan NKU, samstarfsaðila HRFÍ. Þeim var bent á að þau gætu beðið um að HRFÍ haldi slík próf. Það er alveg ljóst að Dobermann Ísland klúbburinn rúmast ekki innan laga HRFÍ og Jóna formaður hvetur þau til að stofna ræktunardeild innan félagsins.

- **Þrjú hringstjórar HRFÍ útskrifaðir**

Bára Einarsdóttir, Stefanía Sigurðardóttir og Valgerður Júlíusdóttir eru útskrifaðir hringstjórar. Nú hafa alls fjórir hringstjórar útskrifast skv. nýju námsefni fyrir hringstjóra HRFÍ.

- **Augnskoðun verður 11. og 12. apríl**

Finn Bøserup og annað hvort Jens Kai Knudsen eða Soffia Kaarsholm sjá um augnskoðunina. Helga Finnsdóttir mun verða okkur til aðstoðar sem fyrr.

- **Síðasta haust bauð SKK** íslensku dómurunum og heiðursfélugum HRFÍ Guðrúnu R. Guðjohnsen og Sigríði Pétursdóttur á almenna dómaraáðstefnu 17. og 18. nóvember í Stokkhólmi. Þáðu þær boðið og SKK greiddi allan kostnað í Svíþjóð en stjórn HRFÍ ákvað að borga flugfar.

- **Þann 1. janúar sl.** sæmdi Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Sigríði Pétursdóttur bónda, riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf að ræktun íslenska fjárhundsins.

3. Alþjóðleg sýning 1. – 2. mars n.k.

Alls eru skráðir til þátttöku 797 hundar af 83 hundategundum, ungir sýnendur eru 37. Dómarar eru: Diane Anderson frá USA, Claudio De Giuliani frá Ítalíu, Nils Molin frá Svíþjóð, Arne Foss frá Noregi, Marija Kavčič frá Slóveníu. Hanne Kristin Balken frá Noregi dæmir svo unga sýnendur. Hanne Kristin er 23 ára, fyrrum ungur sýnandi og keppti í ungum sýnendum frá unga aldri.

Eftirfarandi fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu:

- | | |
|---|--------------------------------|
| 1. Sláturfélag Suðurlands, | 7. Pak ehf, |
| 2. Dýrheimar, | 8. Icezoo, |
| 3. Hundagæsluheimilið á
Arnarstöðum, | 9. Gæludýr og hestar, |
| 4. Vistor hf, | 10. Dýrakotsnammi, |
| 5. Lífland, | 11. Meindýravarnir Suðurlands, |
| 6. Blindrafélagið, | 12. Lífafl |

Deildir sem hafa boðað þátttöku sína:

- | | |
|----------------------|-------------------------------|
| 1. Terrierdeild, | 6. Fjár - og hjarðhundadeild, |
| 2. Chihuahua deild, | 7. Fuglahundadeild, |
| 3. Mjóhundadeildin, | 8. Papillondeild, |
| 4. Írsk setterdeild, | 9. Cavalierdeild |
| 5. Spanieldeild, | |

Deildir sem aðstoða við uppsetningu og frágang á þessari sýningu eru:

Fjár- og hjarðhundadeild, Írsk setterdeild og Retrieverdeild.

**Koma nöfnum og símanúmerum til Halldóru Friðriksdóttur,
netta@isl.is eða í síma 895-2128**

• **Nýjar sýningarnælar**

Pins Design í Svíþjóð gerðu bláar og gylltar nælar með logoi okkar. Útsöluverð kr.500.-

4. Punktur frá NKU fundi 26. september sl.

Guðríður Valgeirsdóttir varaformaður HRFÍ flytur

Hans Jörgen Hindse Madsen form. DKK og Eurosektion sagði að sú mikla vinna sem NKU hafi lagt að mörkum varðandi gerð nýrra laga og reglna FCI hafi haft mikil áhrif og þakkaði f.h. samtakanna.

Punktur frá Vísindaráði NKU

Þar sem kom m.a. fram tillaga um að samræma sýningareglur. Meðal annars að tíkur geti ekki mætt á sýningar eftir 6 vikna meðgöngu eða eigi hvolpa yngri en 8 vikna gamla. Rakkar sem eru vanaðir vegna slyss eða sjúkdóms eigi rétt á þátttöku á sýningum að framlögðu vottorði þar sem kæmi fram að eftir 6 mánaða aldur hafi þeir haft eðlilega þroskuð og staðsett eistu.

Samþ. þrjár breytingar : **Regler för nordisk mästerskap i junior handling**

Ísland er ekki eitt þeirra landa sem heldur keppnina, en hefur rétt til að vera þátttakandi.

Varðandi aldur liðsstjóra, ákv. að viðkomandi sé myndugur.

Fellur út setningin; Æskilegt að dómari sé ekki frá Norðurlöndum.

Sameinaðar sýningarreglur á Norðurlöndum.

Espen Eng NKK verður í nefndinni fyrir NKK og mun kalla nefndina saman.

Lilja Dóra Halldórsdóttir frá HRFÍ

Bo Skallen frá SKK

Harry Tast frá FKK og

Svend Lövenkjaer fyrir DKK.

NKK og DKK eru með samvinnu í þróun tölvuforrita varðandi ættbókarskráningar, sýningar, ræktunarnöfn, skyldleikaforrit ofl.. Varðandi skyldleikaforritið gæti það eitt og sér orðið til sölu. Umræður um möguleikana fyrir enn þá víðtækari samvinnu milli fleiri eða allra Norðurlandanna. NKK og SKK munu byrja að keyra saman gagnagrunn t.d. norrænu hundakynjanna.

Evrópu og heimssýningar á Norðurlöndum

Samþykkt að styðja tillögu Normanna, en þeir ætla að sækja um Evrópusýningu 2014. Það er stöðugt verið að skrá nýjar tegundir bæði innan FCI og utan. Þeirri spurningu varpað fram hvort ræktunarfélög Norðurlandanna ættu að hafa sömu reglur varðandi ættbókarskr. og sýningar. Hvað er gert við þau hundakyn sem eru viðurkennd í einu eða fleiri FCI landi, en upprunaland tegundarinnar er utan FCI?

Rætt um mismunandi feldgerð á Russian Toy (ekki sömu reglur á Norðurlöndum)

SKK – þar eru þeir dæmdir sem ein tegund og þar með eitt cert

Flest hinna landanna dæmdu þá aðskilda og það vill segja tvö cert.

NKU/AU mælir með að taka upp þau vinnubrögð við umskráningu á innfluttum Toy Manchester Terrier eða Manchester Terrier frá USA eða Kanada, að tvo landsdómara þurfi til eftir 9 mán. aldur hunds til að hægt sé að dæma hund sem Enskan Toy Terrier.

Ekki er starfandi Standard komitee innan NKU.

Norðurlöndin samþykkja sjálfkrafa nýjar norrænar tegundir skv. samþykkt frá 1993.

SKK viðurkennir FCI og AKC hundakyn.

Þrjár tegundir eru í Svíþjóð sem eru ekki viðurkenndar af FCI.

Þeirri spurningu varpað fram hvað eigi að gera við hundakyn þar sem ræktunarmarkmiðið er ekki sett upp á þann hátt sem er gert hjá FCI. Mikið talað um nýjar tegundir sem eru jafnvel búnar til með blöndun tegunda. Hvenær verður nýtt hundakyn viðurkennt : ættbókarskráning / sýningar ? Samþykkt að leita uppi gamla samþykkt NKU um slík mál. DKK munu eftir 1/1 2008 í einu og öllu fara eftir FCI reglum. Mikið rætt um verksvið NKU fundanna. Ólíkt hvernig löndin taka á málum. FKK - FCI ræktunarmarkmið þýdd og eftir því farið.

Í sumum tilfellum samt gerðar breytingar við umskráningu vegna stærðar hunds. NKK vilja taka upp samvinnu innan NKU um þessi mál. Byrja eftir vill á því að fara yfir tegundahóp 1. Samræma fyrst reglur varðandi tegundirnar innan þess hóps og svo koll af kolli.

Samþykkt að taka þessi mál upp á næsta fundi.

Samvinna við önnur ræktunarfélög.

Samvinna milli Kýpur og Lettlands annars vegar og Svíþjóðar varðandi viðurkenningu á landameistaratitlum. Ulv Uddmann SKK vildi sjá erindið á Evrópu grundvelli.

SKK - Í flestum tilfelling þannig að: Komi hundar sem meistarar á sýningu hjá þeim dugar eitt cert til að verða sænskur meistari. DKK – sömu reglur þar svo framalega sem hundarnir uppfylli vinnuskilyrði að kröfu Dana. FKK- vilja að NKU fullvinni þessar reglur og svo í framhaldi af því skrifa Evrópu Section.

SKK lagði fram skipurit fyrir sameiginlegar keppnir fram til ársins 2012 og var bætt inn í Freestyle í Svíþjóð 2008 og í Danmörku 2009

Nýjar keppnisgreinar með hunda m.a. þar sem hundar draga mikinn þunga.

Mikil aukning í SKK og finnst þeim þessi keppnisgrein á svipuðu róli og hundakapphlaup sem þeir hafa ákv. að standa ekki fyrir utan. Hundeigendur í þessari grein vilja komast undir SKK verndarvæng. Ekki mikið í NKK og að þeirra áliti ekki skaðlegt fyrir hundana.

FKK – hundaslagsmál viðurstyggileg og er politískur þrýstingur á FKK að herða viðurlög þeirra sem taka þátt í því.

Freestyle

Mikil aukning. Varpað fram spurningunni með Norðurlandakeppni í greininni.

DKK - vita ekki um áhuga.

SKK - mikill áhugi og aukning.

NKK – ekki keppnisgrein ennþá.

SKK – komnir með grunn av reglum sem á að senda á milli aðildarlandanna.

Norðurlanda dómarráðsstefna

Alþjóðadómarar halda fyrirlestra um heilbrigði og extreme í ræktun (yfirdrifið).

Haldið að það eigi við um 50 tegundir (extreme). Mögulega verður gefið út DVD af ráðsstefnunni.

Dómaraguide

Mikið rætt um búsetu/þjóðerni dómara. Agabrot- hver tæki á þeim. Búsetan ekki aðalatriðið.

Gömul samþykkt að eftir 3 ár í nýju landi flytst búsetan. Kom fram sú spurning hvort rétt væri að þvinga folk til þess ef það vildi það ekki. Kari frá FKK- ath. með dómarsamþykkt milli Norðurlandanna.

Samningar milli Englands og Norðurlandanna – viðurkenning á dómurum.

Nýtt frá löndunum:

NKK

Búnir að keyra nýtt skipurit í eitt ár. Lítur vel út með notkun þess, samt einhverra breytinga þörf. 85000 meðlimir í NKK 6000 grunnskráningar. Stærsti viðburðurinn er heimsmeistaramót í hundafimi í Hamar í sept. s.l. NKK hefur fengið undanþágu vegna innflutn. hunda frá þriðja heiminum gegn kröfu um að fjórir mánuðir séu liðnir frá gildri hundaeðisbólusetningu. Fjölskyldumeðlimir fá frítt. S.l. ár erfitt hjá þeim- vinna við tölvumálin kostnaðarsöm. Ættbókarskráningar: Met hjá ræktendum á netinu. Misdýrt að skrá á sýningar eftir því hve löngu fyrir sýningu er skráð.

SKK

Innflutningsreglur óljósar. Væntanlegur fundur með yfirvöldum. Frá 1.jan. 2008 sýningarbann á eyrna og skottstýfða hunda. Undantekning frá banninu tegundahópur 7 og hundar sem keppa til veiðiprófsmeistara. Frá ársbyrjun 2008 verður gerð krafa um að allir óættbókarfærðir hundar verði einstaklingsmerktir og að þeir hafi farið á grunnnámskeið. 2 all rounder dómarar í banni Annika Ultveit Moe og Moa Persson. Í haust komu út 2 bækur hjá þeim. Bók um kinologi - orðabók á sænsku-ensku-þýsku-frönsku-spænsku- og ítölsku. Einnig bók um sænsku hundakynin. Mjög góð staða á fjármálum.

DKK

Aukning í félagafjölda. Dómaramenntun í góðum málum – 20 nýjir tegundahópadómarar. Tölvumál í samvinnu við NKK. Fjármálin ekki í góðu ástandi – neikvæð um 1 millj. D.kr. DKK oft í dönskum blöðum – jákvæð umræða um félagið en samt mjög neikvæð umræða um hundaslagsmál.

FKK

Öll ræktunardýr örmerkt sem og allir hvolpar frá og með 1.6.2008. Aukn. í félagafjölda - 130 þús. Aukn. í ættbókarskráningu. Svipaður fjöldi á sýningar. Fjárhagur slæmur - 1 millj. evra skuld. Lögð fram fundargerð frá vinnuhópi í **Junior handling** sem var haldinn í Åbo 26.1.2007. Lögð fram fundargerð frá **Hljóðnefnd** samtakanna sem var haldinn í Helsingfors/Vanda 808.05.2007.

Önnur mál:

NKK

HD/AD aflesarar eru 2-5 en ekki 35-40 eins og fólk héldi. Nauðsynlegt að mennta fleiri til aflesturs HD/AD mynda.

Samþykkt að NKU/VK komi saman vinnuhóp er málið varðar.

Umskráningar:

Koma með hugmyndir að samhæfingu vegna umskráninga í ættbók.

SKK:

Hundar fá sænsk númer, en gamla númerið sést einnig.

Í sumum tilfellum mjög mörg númer á sama hundi.

NKK:

Að leyfa dómurum sem lenda í banni að ljúka við umsamdar sýningar

DKK og FKK ekki sammála því - aganefnir félaga taki á slíkum málum

Næsti fundir ákveðnir - 12.mars 2008 í Helsinki

10.september 2008 í Stokkhólmi

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, ritaði.

5. Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum

Árfundi skal halda fyrir lok mars. Retrieverdeildin hélt ársfund 14. febrúar sl. Stjórn HRFÍ stefnir að því að a.m.k. einn stjórnarmaður mæti á ársfundi deilda. Því væri gott að tilkynning bærist til stjórnar um stað og tíma funda.

• Að starfa í stjórn

Vel heppnað námskeið var haldið 14. febrúar sl. Formaður mælti með fræðandi og skemmtilegu námskeiði. Félagsmenn geta skráð sig núna á næsta námskeið.

• Skipa í vinnu- og veiðiprófanefndir HRFÍ

Mikilvægt að hafa virka nefnd sem sér um þessi mál eins og sýningastjórn. Finna þarf áhugasamt fólk sem hefur áhuga á að vinna í þessum nefndum. Þetta eru raunverulega 3 nefndir þ.e. vinnuprófanefnd, veiðiprófanefnd fyrir standandi fuglahunda og veiðiprófanefnd fyrir retriever hunda. Formenn deilda eru beðnir um að tilnefna nokkra áhugasama félagsmenn.

Chihuahua deild:

Anna Jóna Halldórsdóttir frá Chihuahua deild sagði frá ferð tveggja deildarmanna til Finnlands á Nordic chihuahua meeting. Þar kom fram að verið að kljást við sömu vandamál og hér varðandi heilsufar chihuahuhunda eins og hnéskeljalos og augnsjúkdóma. Anna Jóna sagðist vera þakklát fyrir að HRFÍ stæði fyrir tveimur augnskoðunum á ári vegna þess að í Finnlandi er mikið um catarakt og þar er ekki skylda að augnskoða. Augnsjúkdómar þar eru ekki viðurkenndir. Það er mikilvægt að HRFÍ haldi utan um þessar upplýsingar. Deildin var með velheppnaðan heilsufarsdag þar sem skoðað var hjarta, hnéskeljalos, augu og bit. Í skoðuninni fannst míturhljóð í hjarta (soghljóð) og því mikilvægt að útbúa nýjar reglur um heilsufarskröfur varðandi ættbókarskráningu. Anna Jóna sagði að það væri mikilvægt að skoða hvað er á bak við hunda sem verið er að flytja inn til landsins. Hugsanlega er soghljóð í hjarta aldurstengt þ.e. kemur fram um 8 ára aldur hundsins. Ákveðið var að hafa Nordic chihuahua meeting árlega til að ræða ýmis mál er varðar tegundina. Góð samvinna er í deildinni varðandi heilsufar chihuahua hunda.

Papillondeild:

Anna Flygenring sagði að deildin ætlaði að vera með heilsufarsdag eins chihuahua deildin og hefðu þau fengið hugmyndina frá þeim á síðasta fulltrúaráðsfundi. Á heilsufarsdaginn verður bæði skoðað hnéskefjalos og hjarta. Mismunandi skoðanir eru innan deildarinnar varðandi heilsufar papillon hunda. Einnig var sagt frá velheppnuðum fiðrildajólum og fræðsludegi.

Fleiri deildir tóku ekki til máls.

6. Önnur mál

Spurning kom frá Sigga Benna varðandi breytingu á starfsreglum ræktunardeilda þ.e. um kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda en þar segir: *“Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild, eru skráðir í deildina og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni.”*

Mikið var rætt um hvers vegna félagsmaður hafi ekki kosningarétt ef hann á ekki hund.

Formaður benti formönnum deilda á að koma með hugmynd að breytingum ef þeir væru ósáttir við þessa breytingu. Breyting var gerð vegna þess að margir félagsmenn höfðu samband við stjórn félagsins og voru óánægðir með að hægt var að fjölmenna á ársfundi deilda til að koma ákveðnu fólki að í stjórn, það fólk átti jafnvel ekki hund í viðkomandi tegund.

Soffía og Hulda frá Úrvalsdeild spurðu hvort að cacib frá Dine Anderson sé samþykkt hjá FCI.

Svar: Að sjálfsögðu eru cacib sem hún gefur samþykkt.

Einnig spurði Hulda hvort að hægt er að breyta sýningardögum því ef hundur fær cacib þarf að líða 1 ár og einn dagur?

Svar: Huldu var bent á að senda erindið til sýningarstjórnar.

Spurt var hvort að það sé möguleiki á að fjölga sýningum.

Svar: Það vantar fleira fólk til að vinna á sýningum. Lilja Dóra Halldórsdóttir frá sýningarstjórn sagði að það vanti m.a. fólk til að skrifa dóma á ensku. Ef einhver hefur áhuga þá eru þeir beðnir að hafa samband við hana.

Spurt var um vinnuna í einangrunarteyminu.

Svar: Fundað verður fljótlega en Lilja Dóra Halldórsdóttir ræddi við Jón forstjóra Landbúnaðarstofnunar og hann sagði að yfirdýralæknir réði öllu varðandi einangrunarmál. Einangrunarteymið mun fara aftur yfir málin og ákveða næstu skref.

Rætt var um bóluefni sem er að koma til landsins og má ekki auglýsa. Ákveðið að setja tilkynningu um það á vef HRFÍ.

Rætt var um hvort að HRFÍ geti þrýst á yfirvöld um að fá bólusetningu fyrir herpes en það er útbreiddara vandamál en margir dýralæknar vilja gefa upp.

Jónína Sif frá Unglingadeild spurði hver væri stefna félagsins í kynningarmálum. Hún sagði frá mjög skemmtilegum þemadögum í Fjölbraut í Ármúla þar sem leyfi fékkst til að kynna hunda og hundategundir.

Kristín í Mjóhundadeild sagði frá leikskólanum á Holtaborg sem hefur reglulega hundadaga en þá koma starfsmenn með hundana sína í vinnuna og börnin fá að leika við þá.

Hulda í Úrvalsdeild sagðist ætla að hvetja foreldrafélagið í skólanum sem börnin hennar væru í til að vera með kynningu á hundum og spurði Jónínu Sif hvort að hún væri tilbúin til að fara í skóla með kynningu. Jónína Sif sagði að það væri ekkert mál.

Rætt var um blindrahunda og hvort samfélagið væri tilbúið til að fá fólk með blindrahunda á alla almenningsstaði.

Stjórn segir frábært að fá góðar hugmyndir og fólk til að framkvæma þær.

Jóna f.h. stjórnar þakkaði fyrir góðan fund.

Fundi slitið um kl. 22:35.

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.